



Öskulög: kennsluleið- beiningar og verkefni


Verkefni eru hugsuð fyrir nemendur frá 15 til 18 ára og eru byggð á jarðfræði í Landbrotshólum. Staðsetning viðfangsefnis er útskýrð auk þess sem jarðfræðilegar upplýsingar eru í kennsluleiðbeinginum.

Öskulög. Kennsluleiðbeiningar

Meðal fornra mannvirkja sem varðveist hafa hér á landi eru leifar af gördum. Þetta eru torfgarðar sem gerðir voru til þess að vernda tún, engjar og beitolönd á löglegan hátt. Samkvæmt Grágás voru þrír af sex mánuðum sumarmisseris nefndir garðannir. Garðahleðsla hefur því verið mikill þáttur í útistörfum í íslenskum sveitum til forna. Bjarnagarður í Landbroti er eitt mesta mannvirki sem varðveist hefur á Íslandi frá fornri tíð. Talsvert af honum er nú horfið vegna ræktunar og vegagerðar en heillegustu hlutar hans hafa verið varðveittir samkvæmt lögum um fornminjar.

Heildarlengd Bjarnagarðs er talin vera um 7,7 km fyrir utan aukagarða sem telja um 1,7 km. Um upprunalega hæð og breidd Bjarnagarðs og aukagarðanna er ekki hægt að segja með fullri vissu, en enginn vafi liggur á að Bjarnagarður hefur verið síst minni um sig en löggarður til forna. Sé reiknað með að 3 faðmar löggarðs séu dagsverk, lætur nærri að Bjarnagarður með aukagörðum slagi upp í 2000 dagsverk. Að auki koma svo traðirnar til en ærinn tíma hefur tekið að gera þær. Sagt hefur verið að Skjaldbreiðarbændum hafi verið uppálagt að hlaða Bjarnagarð, en önnur sögn segir að Bjarnagarður dragi heiti af nafni sakamanns sem settur hafi verið í það verk að hlaða garðinn. En það er fjarri lagi að hér sé um eins manns verk að ræða og ber Bjarnagarður og traðirnar vitni um sameiginlegt félagslegt átak fólks í Landbroti og Skjaldbreið. Hugsanlega hafa hólarnir á hrauninu verið nefndir Birnir og nafn garðsins dregið af því.

Á nokkrum stöðum hafa verið grafnar holur í Bjarnagarð til aldursákvörðunar. Þar eru áberandi þrjú gjóskulög sem koma að gagni. Hið yngsta þeirra er úr Öræfajökulsgosinu 1362, ljóst og auðþekkt lag um 1 cm á þykkt. Næsta lag neðan við það er 0,3 cm þykkt svart lag sem talið er vera úr Grímsvötnum. Þriðja og elsta lagið er ísúrt og þar af leiðandi komið úr megineldstöð. Þykkt þess og kornastærðardreifing bendir til upptaka á Mýrdalsjökulssvæðinu og á að líkindum upptök í vesturhluta Kötluöskjunnar árið 1245, en gæti þó verið eldra. Niðurstaðan af þessu er sú að mestur hluti hins eiginlega Bjarnagarðs hafi verið hlaðinn nálægt aldamótum 1200.



Öskulög í jarðvegi við Leiðólfssell. Mynd: Þorvaldur Þórðarson

Öskulög. Vinnuseðill

Tilgangur:

Að skoða öskulög og gera sér grein fyrir hvernig hægt er að nota öskulög til aldursákvarðana

Framkvæmd:

Heimsækið öskubyrgið að Efri-Vík en þar hefur verið grafið þversnið í Bjarnargarð þar sem öskulög eru greinileg og mörg þeirra merkt. Teiknið mynd af öskulögunum og merkið nöfn og ártöl eldsumbrota inn á myndina.

Hversu gamall telur þú að Bjarnargarður sé, rökstyðjið.